



Reykjavík, 12. júní 2025
MSS25030016

Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir sem borgaryfirvöld hyggjast grípa til vegna alvarlegra ofbeldis- og eineltismála

Á fundi borgarráðs, 6. mars 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um þær aðgerðir sem borgaryfirvöld hyggjast grípa til vegna alvarlegra ofbeldis- og eineltismála í grunnskólum Reykjavíkurborgar, nú nýverið í bæði Breiðholtsskóla og Breiðagerðisskóla. Jafnframt er óskað upplýsinga um þá verkferla sem hafa verið til staðar hingað til í grunnskólum borgarinnar þegar upp koma ofbeldis- eða eineltismál. Þess er óskað að erindið verði sett í forgang og rætt á vettvangi borgarráðs án tafar. Fulltrúarnir telja óásættanlegt að ofbeldismenning hafi fengið að gerjast í grunnskólum borgarinnar og leggja þunga áherslu á að gripið verði til tafarlausra aðgerða til að stemma stigu við þeirri þróun. Þeim ungmennum sem sýna aukna áhættuhegðun þarf að mæta með viðeigandi stuðningi og úrræðum svo þeim megi beina á uppbyggilegri brautir. Það er lágmarks krafa að börn og ungmenni upplifi öryggi og vernd í grunnskólum borgarinnar og að um það verði ekki gerðar neinar málamiðlanir.

Svar:

Áhyggjur hafa verið af auknu ofbeldi barna og unglinga í íslensku samfélagi síðustu misseri. Það á við um ofbeldi meðal barna, gegn börnum og ofbeldi sem börn beita starfsfólk í opinberri þjónustu. Það er mikilvægt að öll sem málið varðar taki höndum saman vegna málsins. Það er jákvætt að þessum málaflokki sé sýndur áhugi enda er mikilvægt að ræða hvernig þessi vandi birtist og rýna hvað er vel gert og hvað megi bæta.

Í stuttu máli má segja að þegar upp koma ofbeldismál, þá fara þau í þennan farveg:

- Tilkynning til barnaverndaryfirvalda
- Lögreglan kölluð á vettvang ef þörf er á
- Samtal við forsjáraðila um atburðinn og skoðuð úrræði við hæfi
- Óskað eftir þjónustu miðstöðvar
- Farsældin – lausnateymi - nemendaverndarráð - ef annað stig - miðstöð - ef þriðja stig – Barnavernd Reykjavíkur



Reykjavík



Ýmislegt hefur verið gert til að draga úr áhættuhegðun og margt er í bígerð. Stærsta aðgerðin sem unnið er að í Reykjavík sem og í öðrum sveitarfélögum landsins er að innleiða [lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#) sem er mikil stjórnsýslubreyting og miðar að því að þjónustukerfin vinni saman með hagsmuni barna að leiðarljósi og í stigskiptri þjónustu, með áherslu á snemmtæka íhlutun og þrepaskipta nálgun á hverju þjónustustigi. Innleiðing laganna í Reykjavík fer fram í samhengi við innleiðingu samstarfsverkefnis skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs - Betri borg fyrir börn (BBB).

Starfsfólki á vettvangi barns í leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð ber samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að vera vakandi gagnvart velferð og farsæld barna. Taki starfsfólk eftir að þörfum barns er ekki mætt með viðeigandi hætti ber að bregðast strax við og koma málum í réttan farveg.

Verklag Reykjavíkurborgar í tengslum við 1. stigs þjónustu

í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum Reykjavíkur.

Þrep I – Mat og lausnaleit

- Deildarstjóri leikskóla/forstöðumaður í frístundastarfi/umsjónarkennari skoðar fyrirbyggjandi gögn/upplýsingar um barnið sem til eru á vegum leikskóla, grunnskóla og/eða frístundastarfs, hefur samband við forsjáraðila og metur þarfir og stöðu barnsins.
- Deildarstjóri leikskóla/forstöðumaður í frístundastarfi/umsjónarkennari setur upp áætlun (eða endurskoðar áætlun sé hún fyrir hendi) um hvernig vinna á með mál barnsins í samráði við forsjáraðila. Það er gert með því að leita í viðeigandi úrræði innan skólans, verkfærakistu og/eða fá aðstoð hjá deildarstjóra stoðþjónustu/sérkennslustjóra. Sjá nánar um innra starf og snemmtækan stuðning í handbókum menntastefnunnar í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.

Þrep II – Lausnateymi

- Ef frekari stuðnings eða ráðgjafar er þörf varðandi málið er leitað til lausnateymis (eyðublað Ráðgjöf lausnateymis).
- Lausnateymi yfirfer upplýsingar og ræðir mögulegar lausnir.
- Teymið ákvarðar hvað skal gera og skráir áætlun.
- Áætlun er endurskoðuð eftir þörfum og mat lagt á árangur í samráði við forsjáraðila.

Þrep III – Nemendaverndarráð/samráð

- Ef úrræði lausnateymis skila ekki árangri er málinu vísað til samráðs leikskóla eða nemendaverndarráðs grunnskóla (eyðublað Mál til nemendaverndarráðs) í



Reykjavík



samráði við forsjáraðila barnsins. Með því næst samtal við skólaheilsugæslu, skólaþjónustu BBB og aðra sérfræðinga.

- Ef það er mat aðila að vísa þurfi máli til miðstöðva hverfanna fyrir frekari ráðgjöf eða vinnslu, er notast við viðeigandi eyðublöð og upplýsingar/gögn úr ferlinu látin fylgja með.

Forsjáraðili getur ávallt óskað eftir aðkomu [tengiliðs farsældar](#) að málefnum barns síns. Tengiliður í leikskólum er oftast sérkennslustjóri og deildarstjóri stoðþjónustu í grunnskólum. Tengiliður veitir fjölskyldunni allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuna og ef beiðni um samþættingu hefur verið samþykkt getur tengiliður í samráði við forsjáraðila aflað upplýsinga um barnið hjá öðrum stofnunum sem tilheyra 1. þjónustustiginu, s.s. heilsugæslu og leikskóla. Sjá nánar um [tengiliði og samþætta þjónustu á vef Barna- og fjölskyldustofu](#) og varðandi [farsæld barna á vef Reykjavíkurborgar](#). Á vef Reykjavíkurborgar er að finna veggspjald með góðu yfirliti yfir viðbrögð við vanda barna.

Á síðustu misserum hefur verið gripið til ýmissa úrræða og samstarfs til að bregðast við alvarlegu ofbeldi og einelti meðal barna og unglinga á grunnskólaaldri í Reykjavík:

- Aukinn stuðningur og sérkennsla
- Samvinna við velferðarsvið og barnavernd um málefni einstakra barna
- Aðgengisleiðir að þjónustu betur skilgreindar í gegnum verkferla farsældar og Betri borgar fyrir börn, þar af er ein aðgengisleið stuðningur biðstöðva við vettvang vegna bráðamála
- [Aðgengilegur úrræðalisti fyrir börn og fjölskyldur fyrir öll þjónustustigin þrjú](#)
- Innleiðing farsældarlaga og samræming vinnubragða með skilgreiningu ábyrgðaraðila stuðningsteyma og stuðningsáætlana
- Verklag um flæði mála milli þjónustustiga til að hindra þjónusturof hjá barninu og fjölskyldunni
- Samvinna við barna- og unglingageðdeild
- Börn með alvarlegan vanda fengið inngöngu í Brúarskóla og stuðning farteyma
- Hópefli í samstarfi við félagsmiðstöðvar
- Forvarnarfræðsla fyrir börn og foreldra
- Fræðsla um samskipti, virðingu og ofbeldi í samvinnu við Jafnréttisskólann
- Aðkoma Landsteymis Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS)
- Frá hausti 2025 verða atvicateymi starfandi í hverjum skóla. Sértek fræðsla fyrir teymin um líkamleg inngrip þegar upp koma alvarleg atvik þar sem ofbeldi er beitt, ásamt fræðslu fyrir allt starfsfólk grunnskóla
- Stóraukið samstarf við lögregluna m.a. í gegnum samfélagslöggæslu
- Miðbæjarathvarf og athvörf í borgarhlutum
- [Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæðum miðstöðva Reykjavíkurborgar](#)

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa frá Covid tímum fundað mánaðarlega og unnið saman að því að bregðast við þar sem unglingar hafa verið að safnast saman um



helgar. Í vinnslu er að stofna sérstakt bráða- og viðbragðsþeymi sem mun starfa þvert á sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu (sambærilegt og Senter verkefnið í Breiðholti). Markmið þessa viðbragðsþeymis er að bregðast strax við ofbeldi barna á höfuðborgarsvæðinu á þverfaglegan hátt. Viðbragðsþeymið mun vinna málið tímabundið og yfirfæra málavinnsluna inn í lögheimilissveitarfélag barnsins sem vinnur málið áfram í takt við innleiðingu farsældar í því sveitarfélagi.

Aðkoma skóla- og frístundasviðs að börnum og unglingum utan skólatíma er fyrst og fremst í gegnum félagsmiðstöðvar og Flotann, flakkandi félagsmiðstöð sem starfar með samfélagslögreglunni við að greina hópamyndanir og grípa inn í þar sem þörf er á. Í félagsmiðstöðvum borgarinnar er boðið upp á uppbyggilegt starf fyrir börn og unglinga á aldrinum 10–16 ára. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra sem þurfa félagslegan stuðning og bjóða þeim fjölbreytt viðfangsefni.

Aðrar viðbragðsáætlanir og verklag:

Lögreglan hefur í samstarfi við ýmsa aðila gefið út fræðsluefni um viðbrögð við vopnaburði og kynferðislegu ofbeldi, þetta efni er aðgengilegt á vef 112, [Flæðirit](#). Þarna eru flæðirit ásamt verklagi, leiðbeiningum, lýsingum á mismundandi tegundum óæskilegar hegðunar, viðbrögð vegna áfalla barna og svo afleiðingar fyrir börn.

Félagsmiðstöðvarnar í Reykjavík hafa frá árinu 2017 unnið eftir [Leiðbeiningum fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun og neyslu tobaks, áfengis og annarra vímuefna](#).

Grunnskólar hafa starfað eftir [verklagsreglum um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins vegna grunnskólanema með fjölþættan vanda, endurskoðaðar 2015](#). Með tilkomu laga um samþættingu þjónustu þágu farsældar barna hafa orðið til nýjar verklagsreglur.

Í öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur er unnið eftir [gátlista vegna eineltis](#) sem er leiðbeinandi fyrir þá sem vinna að gerð áætlana gegn einelti á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Hann samræmir áætlun um forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum í öllum hverfum borgarinnar.

